

## 87. Stjórnarfundur Fenúr

17. maí 2006

**Mætt: Guðmundur T. Ólafsson, Björn Halldórsson og Úlfar Haraldsson**

**Staður og stund:** Austurvegi 5, Selfoss kl 14.00

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt með framkomnum breytingum.
2. BH sagði frá því að upphæð þátttökugjalds á ISWA-aðalfund væri 79.200 kr/mann, jafnframt sagði hann að það væri komið tilboð frá Iceland express í flug, 23.940 kr. Í framhaldi af þessum upplýsingum var talað um að senda út skoðanakönnun og athuga þátttöku í ferðina. GTÓ talaði um að senda spurninguna „Hefur þú áhuga á skipulagðri ferð í kringum ISWA ?” og er þá miðað við að fara út miðvikudaginn 26. september og heim sunnudaginn 1. október og þeir sem áhuga hafa geta framlengt og farið á aðalfundinn. Verðið á ferðinni verður látið verðið fylgja með. Annar möguleiki er að fara aðra skipulagða ferð á vegum FENÚR. GTÓ minntist á hvort það gæti verið hentugra að fara í september í stað október en BH benti á að það væri verri kostur þar sem það væri svo mikið af ráðstefnum á Íslandi í september.
3. BH sýndi norsku skýrsluna um rannsókn á sorpi og talaði um að það þyrfti ekki að þýða alla skýrsluna. GTÓ stakk uppá að fá einhvern til að fara yfir hana og jafnvel taka saman það helsta úr skýrslunni og setja á blað og jafnvel halda fyrirlestur. ÚH lagði til að flytja fyrirlesara til Íslands í sambandi við skýrsluna. BH tók undir það og sagði að það væri vel athugandi að flytja höfundinn til Íslands til að halda fyrirlestur um efnið. GTÓ sagðist styðja hugmyndina og að það væri áhugavert.

Önnur mál.

- Framhald á verkaskiptingu stjórnar: Ragna Halldórsdóttir bauðst til að sitja áfram sem gjaldkeri FENÚR og var það samþykkt einróma.
- 2 fulltrúar Renosan og 2 Færeyingar voru hér á landi að kynna sér aðstæður í úrgangsmálum og mögulegt samstarf við FENÚR. GTÓ og BH hittu þá og kom í ljós að þeir voru mjög áhugasamir um samstarf í þekkingarmiðlun.

Næsti fundartími ákveðinn 14. júní kl 13.00 Austurvegi 56, Selfossi  
Fundi slitið 15.30.